

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



Dags eftirlits	7.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	370295,874 514886,814

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og er ein ábending sett fram. Varða frávakin ófullnægjandi skráningum og að ekki hefur verið staðið að vöktun grunnvatns á urðunarstaðnum. Ábendingin varðar vörslu á gánum inn á starfssvæði rekstraraðila sem ekki tilheyra starfseminni.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Stykkishólms við Ögur í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi heimilar móttöku á 500 t af úrgangi á ári. Heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili hefur heimild til móttöku á lífrænum úrgangi, þ.e. lífbryjtanlegum garðaúrgangi, viðarúrgangi og matar- og eldhúsúrgangi til jarðgerðar. Heimilt er að geyma á svæðinu allt að 20 t af timbri til jarðgerðar. Urðun og móttaka eða geymsla á öðrum úrgangi en þau sem fram koma hér er óheimil. Starfsleyfi var gefið út þann 11.11.2021 og er gildistími þess til 11.11.2037.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlunarir og viðbrögð
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál

Engin opin frávik eru úr eldri eftirlitum. Síðast komu fram tvær ábendingar varðandi að rekstraraðili hafði ekki hafið gjaldtöku vegna móttækins úrgangs og að ekki hefur tekist að ná fram mælingum í sýnatökubrunnum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Er gjaldtaka nú hafin. Samkvæmt rekstraraðila kom fram í eftirliti ársins 2022 að unnið væri með ráðgjafa um nýja staði fyrir brunna og hugðist rekstraraðili senda þær niðurstöður á Umhverfisstofnun þegar þær lægju fyrir. Slíkum upplýsingum hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skýrir frá því við eftirlit að allt bendi til þess að vegna staðsetningar urðunarstaðarins svo nálægt sjó eins og raunin er og miðað við hversu þéttur berggrunnurinn er þar undir að allt grunnvatn leiði beint í sjó. Ekki er hægt að útiloka að grunnvatn leiði ekki í SA-átt af urðunarstaðnum hins vegar og mikilvægt að skila til eftirlitsaðila öllum upplýsingum sem liggja fyrir til eftirlitsaðila ef mikilvægar upplýsingar koma fram þar. Verður að endurskoða starfsleyfi ef ekki er hægt að vakta urðunarstaðinn í samræmi við fyrilliggjandi starfsleyfi og uppfæra það þá miðað við þá stöðu sem liggur fyrir. Í nálægð við urðunarstað liggur náttúrulegt stöðuvatn svokallað Skjaldarvatn, í um 250 m fjarlægð frá urðunarstaðnum sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd. Einnig er tiltölulega stutt fjarlægð frá urðunarstað yfir í Ögurvætni.

Rekstraraðili skilar inn veðurfarsupplysingum þann 23. apríl sl. og úrgangstöldum í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Skil eru hins vegar ófullnægjandi og var rekstraraðila bent á að koma skuli fram allar þær upplýsingar í ársfyrility sem skilað er árlega sem eru settar fram í starfsleyfi í gr. 4.1. Vöktun þarf að fara fram í samræmi við gr. 4.2 í starfsleyfi. Ekki liggja fyrir skráningar vegna atriða nr. 2.-5 og 11. Rekstraraðili verður að skila skráningum í samræmi við það sem kemur fram í starfsleyfi svo að skil teljist fullnægjandi.

Á árinu 2023 tók rekstraraðili við 445 t af blönduðum byggingar- og niðurritsúrgangi, 20 t af viðarumbúðum og 25 t af garðaúrgangi til jarðgerðar. Árið 2022 berst aftur á móti 25 t af viðarumbúðum inn á urðunarstað sem er umfram heimild í starfsleyfi. Er urðunarstaður svo gott sem fullnýttur, og verður rekstraraðili að sjá til þess að visa þarf í burt úrgangi ef farið er frammúr urðunar- eða móttokuheimildum í starfsleyfi, eða fara fram á breytingu á starfsleyfi til að auka heimildir á því sem tekið er á móti eða urðað er.

Áhættumat hefur verið uppfært fyrir urðunarstaðinn vegna eftirlitsins nú og færst hann úr flokki C yfir í flokk B þar sem

viðmið nú um tíðni eftirlita miðast eftirlit árlega.

Farið var á urðunarstað, skipulag er gott en inn á urðunarstað eru geymdir gámar sem tilheyra ekki rekstri urðunarstaðar. Var rekstraraðili beðinn um að fjarlæga allt sem tilheyrir ekki starfsemi urðunarstaðar. Girðingar láta á sjá eftir veturinn og þarf uppfæra ástand þeirra.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

grein 4.1. í starfsleyfi:

Ekki liggja allar skráningar fyrir vegna innra eftirlits rekstraraðila vegna ársins 2023 og 2022. Rekstraraðila bera að halda til skráningum vegna allra þeirra þátta sem listaðir eru upp undir 4.1 í starfsleyfi. Vantar upplýsingar frá skráningum vegna liða nr. 2-6, sem og 11.

grein 4.2 í starfsleyfi:

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skulu vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun út frá starfseminni. Engin vöktun fer fram á grunnvatni, þar sem ekkert vatn hefur fundist í sýnatökubrunnum. Verður að endurskoða starfsleyfi urðunarstaðar út frá þeim aðstæðum sem liggja fyrir.

## ÁBENDINGAR

Ábending er lögð fram vegna vörlu á gáumum inn á urðunarstað sem ekki tilheyra starfsemi urðunarstaðar.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
Halla Margrét Viðarsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.